

AUGLÝSING
um afgreiðslu bæjarráðs Kópavogsbæjar
á auglýstri tillögu að deiliskipulagi.

Akrakór 8. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Kópavogs samþykkt þann 21. júní 2007 tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir Akrakór 8, dags. 2. júlí 2007.

Vísað er í almenna skipulagsskilmála og deiliskipulag fyrir Rjúpnahæð - austurhluta.

Deiliskipulag samþykkt í bæjarstjórn 2. maí 2006. Í breytingu felst að grafið er frá neðri hæð húss að hluta til sunnan- og vestanmegin. Stoðveggir verða reistir um 2 metra frá lóðarmörkum. Einnig fara svalir og bílskúr út fyrir byggingarreit. Uppdrættir eru í mkv. 1:200 og 1:500 dags. 12. apríl 2007.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.
Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 8. ágúst 2007.

Smári Smáráson, skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 13. ágúst 2007